



Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis 9. desember 2014





Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2014

Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2014



Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis þriðjudaginn 9. desember 2013 var stjórn þannig kosin:

Arnar Atlason, formaður til eins árs.

Kosnir til eins árs, **Davíð Arnar Þórsson og Sveinn**

Sigurbergsson.

Til tveggja ára voru kosin **Ingveldur Ingvarsdóttir og**

Jóhannes Pálmi Hinriksson.

Til eins árs sem varamenn voru kosin **Guðmundur Óskarsson og Ellý Erlingsdóttir.**

Stjórn Keilis var því þannig skipuð á starfsárinu:

Arnar Atlason	formaður
Sveinn Sigurbergsson	varaformaður
Ingveldur Ingvarsdóttir	ritari
Pálmi Hinriksson	gjaldkeri
Davíð Arnar Þórsson	meðstjórnandi
Guðmundur Óskarsson	meðstjórnandi
Ellý Erlingsdóttir	meðstjórnandi

Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnar-fundir, auk fjölmargra nefndafunda og annarra vinnufunda, þess má geta að þetta er fyrsta starfsárið þar sem starfað er eftir nýju skipuriti.

Í upphafi starfsársins 2014 voru **1.328** félagar í Golfklúbbum Keili, en í lok árs eru þeir **1.288**

þar af eru **211** félagar skráðir á Sveinskotsvöll.


Í ár fækkaði félögum um **40**.

20 manns hafa sótt um fyrir 2015.



Arnar Atlason, formaður

Skipting félagsmanna eftir aldri 2014



Heilsárstarfsmenn

Framkvæmdastjóri:	Ólafur Þór Ágústsson.
Vallarstjóri:	Bjarni Hannesson.
Aðstoðar vallarstjóri:	Sveinn Steindórsson.
Sveinskotsvöllur:	Arnaldur Birgirsson
Skrifstofa:	Pétur Gærdbo Árnasson.
Hraunkot:	Kristinn Kristinsson.
Íþróttastjóri:	Björgvin Sigurbergsson
Verkstæði:	Birgir Gunnlaugsson

Golfkennarar

Karl Ómar Karlsson og Björn Kristinn Björnsson.

Aðrir Vallarstarfsmenn

Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Ásgeir Þórðarson, Kristján Kristjánsson, Sigurður Þorgeirsson, Snorri Már Gylfason, Guðmundur Birkir Hálfðánarson, Guðmundur Atli Arnarsson, Jón Ágúst Sturluson, Fjölur Eiríksson, Sindri Jónsson, Bjarki Freyr Ragnarsson, Lukasz Bednarek, Atli Þór Grétarsson, Ólafur Jarl Gíslason og Guðjón Heiðar Ólafsson.

Til viðbótar voru 4-5 vinnuskólaunglingar að störfum í hverri viku frá miðjum júní fram í ágúst. Unglingarnir voru flestir ungir kylfingar í klúbbum á aldrinum 14-16 ára. Þau löguðu boltafór, fylltu í kylfuför og rökuðu glompur. Þessi hópur krakka er mikilvægur fyrir klúbbinn því úr þessum hópi koma oftast framtíðar starfsmenn. Við þökkum þeim því þeirra mikilvæga framlag.

Aðstoðarfólk golfkennara

Anna Sólveig Snorradóttir, Henning Darri Þórðarson, Rúnar Arnórsson, Gísli Sveinbergsson, Ísak Jasonarson, Bryndís Ragnarsdóttir, Hildur Rún Guðjónsdóttir, Sigurlaug Rún Jónsdóttir, Björg Bergsveinsdóttir, Hafdís Einarsdóttir, Vikar Jónasson, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Harpa Líf Bjarkadóttir,

Hekla Sóley Arnarsdóttir, Þóra Kristín Ragnarsdóttir, Birgir Björn Magnússon og Högn Kristbjörg Knútsdóttir.

Eftirlitsmenn og ræsar

Gústaf Orri Bjarkason, Gunnar Ari Kristjánsson, Baldvin Jóhannsson og Ágúst Húbertsson.

Starfsfólk í golfvöruverslun

Elísa Eik Guðjónsdóttir, Sindri Haraldsson og Davíð Kristján Hreiðarsson.

Starfsfólk í Hraunkoti

Kristinn S. Kristinsson, Davíð Kristján Hreiðarsson, Benedikt Árni Harðarson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Högn Kristbjörg Knútsdóttir, Birgir Vestmar Björnsson og Anna Sólveig Snorradóttir.

Þjónustusamningar

Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

Ræstingar

Íss á Íslandi.



Nefndir (sbr skilgreind svið)

Íþróttanefnd (Forgjafarnefnd, Nýliðanefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Arnar Borgar Atlason, Davíð Arnar Þórsson, Björgvin Sigurbergsson og Ólafur Þór Ágústsson.

Rekstrarnefnd (Kappleikjanefnd)

Jóhannes Pálmi Hinriksson, Guðmundur Óskarsson, Elly Erlingsdóttir og Ólafur Þór Ágústsson.

Mannvirkjanefnd (Vallarnefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Bjarni Hannesson, Guðmundur Óskarsson, Elly Erlingsdóttir og Sveinn Steindórsson.

Markaðsnefnd (Skemmtinefnd)

Arnar Atlason, Davíð Arnar Þórsson, Ingveldur Ingvarsdóttir, Kristinn Kristinsson og Ólafur Þór Ágústsson

Öldunganefnd

Sveinn Jónsson og Anna Snædís Sigmarsdóttir

Aganefnd

Hálfdan Þór Karlsson.

Orðunefnd

Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

Kvennanefnd

Anna S. Gunnarsdóttir, Ásgerður Ingólfssdóttir, Birna Ágústsdóttir, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Hjördis Sigurbergsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir og Ragnheiður Rikharðsdóttir.

Laganefnd

Karl Ó Karlsson, Jóhann Nielsson og Sveinn Snorrason.

Foreldraráð

Heiðrún Jóhannsdóttir, Hjörleifur Hjörleifsson og Unnur Elfa Guðmundsdóttir.

Liðstjórar

Karl Ómar Karlsson, Björn Kristin Björnsson, Hjörleifur Hjörleifsson, Jón Viðar Magnússon, Björgvin Sigurbergsson, Kristinn Kristinsson, Sveinn Jónsson, Anna Snædís Sigmarsdóttir og Þórdís Geirsdóttir.

Framkvæmdir 2014

Lítið var aðhafst í nýframkvæmdum á árinu. Helsta vinnan var bak við tjöldin, en völlurinn var allur skannaður upp með svokölluðum „dróna“ til þess að hægt væri að gera nákvæmar vinnu-teikningar fyrir framkvæmdir næstu ára. Lokið var við að hanna nýju 10. brautina og teigasettin fyrir 11. brautina (sem liggur meðfram Hvaleyrlóninu). Bakvinnan er því tilbúin þegar hafist verður handar við að klára byggingu brautanna en það flýtir mikið fyrir verkinu. Ákveðið var að setja ekki meira fjármagn í nýframkvæmdir þetta árið, enda eru þessar framkvæmdir dýrar. Vonast er eftir aðkomu Hafnafjarðarbæjar við fjármögnun á þessum framkvæmdum. Hefur bænum verið send fjárhagsáætlun vegna verksins ásamt beiðni um slíka aðkomu, beiði er svara.

Hola 12.

12. holan er þar þrjú hola leikin meðfram sjónum. Flötin er beint fyrir aftan 15. teiginn eins og völlurinn er leikinn í dag. Þessi hola var sú eina af nýframkvæmdarholunum sem eitthvað var unnið í á árinu. Sáð var í alla brautina árið 2013 og hafði hún að mestu lokað sér þá. Yfirsáð var í öll svæði í ár og borið vel á til að öll grassvæði myndu loka sér. Ekki er áætlað að taka holuna í notkun fyrr en eftir 3 ár, þannig að holan var ekki í flýtimeðferð, ef svo má að orði komast. Ljóst er að þessi hola verður fullkomlega tilbúin á næsta ári og verður viðhaldið eins og öllum öðrum holum á vellinum. Það verður eflaust þrýst á að hún verði tekin í notkun við viss tækifæri, enda stórglæsileg golfhola í alla staði.

Ísbjarnargryfjan.

Púttflötin í ísbjarnargryfjunni var opnuð í meistaramóti klúbbsins. Flötin hafði árið áður verið strípuð, sandi blandað við yfirborð hennar og tætt saman. Svæðið mótað á ný, hellulagt umhverfis flötina til að ramma hana inn og vökvunarkerfi lagt umhverfis flötina. Stígur var hellulagður og plöntum plantað í beð meðfram stígunum. Með þessu móti verður mun auðveldara að viðhalda gæða-púttflöt við fyrsta teig. Einnig var hreinsað frá gamallri hleðslu fyrir miðri flötinni sem ísbirnir hafa þrammað á fyrir rúmum 30 árum síðan.

Endurbætur á glompum.

Snemma árs var farið í að koma fyrir tröppum í allar þær glompur sem töldust of djúpar fyrir kylfinga til að komast uppúr með góðu móti. Stórir viðardrumbar voru notaðir í verkið. Engir tveir

drumbar voru eins sem þótti gefa vissan sjarma. Festar voru þrjár 40 cm steypustyrktar járnstangir í hvern kubb og hann svo laminn inn í vegg glompunnar. Þessi aðferð virtist gefa bestan stöðuleika, sem hingað til hefur verið vandamál.

Endurbyggð var hægri glompan við sextánda flöt. Umhverfi glompunnar var breytt lítið eitt þannig að hægri kantur hennar var lækkaður töluvert til að auðvelda aðgengi í glompuna. Fjærkantur var einnig lækkaður lítið eitt. Nærkantur glompunar var sléttaður og rúnaður að glompunni til að fá jafnara rennsli/skopp.

Á haustmánuðum var svo ráðist í að endurbyggja flatarglompur vinstramegin á 17. braut. Glompurnar höfðu gróið mikið inn með tímanum og voru orðnar litlar. Umhverfi glompanna var ekki breytt að neinu leiti, aðeins var verið að endurbyggja glompurnar eins og þær voru.

Niundi teigurinn

Eftir að guli teigurinn var endurbyggður í fyrra var ákveðið að hækka miðpall á bláa teignum (sem einnig er notaður sem gulur teigur). Þetta var gert svo hann væri í flútti við kantstein sem settur var meðfram nýja malbikaða og hellulagða stígunum. Ákveðið var að hafa þessa aðgerð frekar einfalda sökum þess að þessi teigur er ekki mikið í notkun. Torfið var skorið af, sandur settur ofaná og sléttað út með laser heflinum okkar og sáð í teiginn. Það mun taka okkur tíma fram á mitt sumar að koma teignum almennilega í leik. Það bætir þó úr skák að nægt svæði er fyrir bláa teiga á hinum pöllunum tveimur.

Tröppur í glompur

Mikill tími og vinna fór í viðhald á tröppum upp á sjötta og áttunda teig. Nokkuð hafði verið kvartað undan því að þessar tröppur væru sleipar í bleytu og auðvelt að renna til og festa fætur undir tröppum með mögulega mjög slæmum afleiðingum. Farið var í að finna leiðir til að laga vandann og á endanum var fyllt undir tröppurnar með jarðvegi, mosatorf látið þekja jarðveginn (til að blandast umhverfinu) og svo voru stálrenningar settir á hvert þrep til að auka grip. Svokallað Corten stál var notað en það ryðgar nokkuð mikið og gefur mjög hrufótta áferð sem á að hámarka grip. Einnig þótti ryðgaða stálið blandast betur inn í útlit stiganna og umhverfisins.

Malbikun

Malbikað var frá nýjunda teig að vegamótum fyrir aftan fyrstu flöt og frá fyrstu flöt að sömu vegamótum. Einnig var nýr stígur sem liggur meðfram nýja niunda teignum malbikaður að hluta. Hluti af

stígunum var hellulagður, eða sá hluti sem liggur meðfram teignum. Malbikunin fór fram fyrstu dagana í maí rétt fyrir opnun vallarins.

Stækkun vélaskemmu

Tækjakostur okkar er fyrir löngu búin að sprengja utan af sér núverandi aðstöðu í vélaskemmu. Mikið af tækjum hafa verið geymd úti sem hefur valdið ótímabæru tjóni. Saltloftið við sjávarsíðuna hjálpar síst til í þeim efnum. Ákveðið var að framlengja húsið um eina 5 metra og fá þannig stækkun upp á tæpa 100 m². Sú stækkun, þó hún væri ekki mikil nýtist afskaplega vel. Í viðbyggingunni er pláss fyrir allan vinnubílaflota klúbbsins ásamt handverkfærum og smátækjum (blásarar, orf og loftpúðavélar). Það er mjög mikilvægt að þessi tæki séu geymd á sama stað þar sem að vinnubílarinn eru notaðir til að ferja þessi verkfæri á milli staða. Með þessu sparast tími og öll umgengni um húsið verður mun betri.

Aftast í nýju viðbyggingunni er brýnsluherbergi þar sem brýnslubekkir og vinnuaðstaða við sundurrif og samsetningu sláttukefla er til staðar. Þessi færsla bjó til mikilvægt pláss inni í vélasalnum þar sem komið var fyrir pallettuhillum þar sem hægt er að geyma á snyrtilegan hátt sláttukefli sem eiga að fara í brýnslu yfir veturinn (við fáum hundruð slíkra kefla til okkar á hverjum vetri). Plássið nýtist síðan sem áburðargeymsla yfir sumarmánuðina.

Í framhaldi af þessum framkvæmdum var komið fyrir olíuskilju fyrir affall af þvottaplani og niðurföllum innan hússins. Einnig voru tengingar við rotþró frá klósettum bættar. Frárennslis mál eiga með þessum breytingum að vera í fullkomnu lagi.

Merkingar

Haldið var áfram að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar. Þessi vinna hefur bætt mjög heildarásýnd golfvallanna og verður gaman að vinna áfram að þessu verkefni með Guðlaugi og hans fólki.

Vélakaup

Þetta árið var líklega eitt fleiri krónum í vélakaup en áður hefur verið gert í sögu klúbbsins. Hinsvegar hefur krónan aldrei hrokkið jafn stutt og í ár, enda hefur „vísitala vélakaupa“ hækkað um 220% frá því fyrir hrún.

Það má því deila í með þremur til að setja vélakaup ársins í samhengi við fyrri ár.

Stefnubreyting varð í vélasamsetningu flatar-sláttuvéla.

Valið var að kaupa fimm Jacobsen Eclipse 2 122F Hybrid „hand-sláttuvélar“ í stað þess að kaupa hefðbundna flatar-ásetuvél. Ástæður þessa eru einfaldar: áreiðanleiki, sveigjanleiki og gæði. Fjöldi sláttuvéla tryggir næg afköst þrátt fyrir að bilanir komi upp. Viðgerðir eru einfaldari (færri hlutir sem geta bilað). Auðveldara er að bregðast við á mótum þar sem ræst er út af bæði tíunda og fyrsta teig samtímis. Og auðveldara er að hafa mismunandi slátt (t.d. sláttuhæð, með eða án bursta o.s.fr) á milli flata til að jafna rennsli á þeim.

Ásamt sláttuvélunum voru keyptir fimm Cushman Hauler 1200 millistærðar vinnubílar (bensínmotor). Leystu þeir af hólmí vinnubíla sem voru að meðaltali 15 ára gamlir. Vinnubílarirnir eru gríðarlega mikilvæg tæki til að hraða allri vinnu á velli. Þeir eru til að mynda notaðir við að draga handsláttuvélarnar þannig getur hver starfsmaður tekið með sér slatta af verkfærum og tækjum til þess að geta unnið mörg verk í einu þegar slegnar eru flatir. Starfsmenn sem slá flatir sjá einnig um að færa teigmerki á teigum, fylla í kylfuför með sandi og fræjum, fylla á kúlupvottavélar, tæma rusl, blása grasslægju á teigum og í kringum flatir og raka glompur. Með þessu móti næst veruleg

hagkvæmni þar sem tími starfsmanna nýtist sem best.

Reynslan af nýju tækjunum hefur verið verulega góð þetta sumarið og mikill kostur að vera með jafn áreiðanlegan vélaflota til að viðhalda flötunum.

Af smærri tækjum sem keypt voru má nefna eitt rafmagns léttorf og tvö bensín knúin léttorf. Einnig var keyptur einn nýr bakpokablastari. Þessi tæki eru í stöðugri notkun nánast alla daga sumarsins og mikilvægt að endurnýja þau reglulega.

Í lok september fékk klúbburinn svo afhenta nýja götunarvél (lítið notað sýningareintak). Götunarvélin var hluti af samkomulagi við vélaframleiðandann sökum vandamála sem komu upp með eldri vél sem keypt var fyrir rúmu ári síðan og var ennþá í ábyrgð. Klúbburinn greiðir vélina á næsta ári, þó hún hafi nú þegar verið afhent. Málið leystist því farsælega fyrir alla aðila og vann MHG verslun (umboðsaðili vélaframleiðandans) vel í þessu máli. Götunarvélin er af sömu tegund og fyrri vél en er þó 33% stærri (208 cm breið). Vélin er af gerðinni Vertidrain 2220. Klúbburinn gat með þessum tveim vélum gatað 46 ha (460.000 m²) á 20 dögum í október á þessu ári í útseldri þjónustu. Þetta eru afköst sem hafa ekki sést áður hérlandis.



Íþróttalegur árangur og íþróttastarf 2014

Íþróttastarf golfklúbbsins Keilis var með hefðbundnu sniði á síðasta starfsári. Eins og vanalega byrjuðum við að þjálfra í byrjun nóvember 2013. Breyting varð á þjálfurum Keilis eftir að Sigurpáll og Jóhann hættu, Björgvin Sigurbergsson tók við starfi íþróttarstjóra eftir eins árs fjarveru. Einnig bættust í þjálfaralið Keilis ný andlit í þjálfun. Það voru þau Björn Kristinn Björnsson, Karl Ómar Karlsson, Tinna Jóhannsdóttir og Signý Arnórsdóttir. Foreldraráð var virkt og aðstoðaði íþróttastjóra við marga viðburði á árinu, s.s. undirbúning æfingaferðar, skipulag fjáröflunar s.s. skötuveislu, álfagaldur, bíóferð, haustfagnað, sveitakeppni og ýmis önnur smá verkefni.

Fyrstu vikurnar fóru í að greina hreyfingar hjá iðkendum til þess að sjá hvar þeir stæðu í öllum þáttum golfleiksins. Kylfingar voru beðnir um að setja sér markmið fyrir sumarið skriflega og senda íþróttastjóra. Golfgreiningar voru gerðar á öllum kylfingum og séð hvar þeir stæðu eftir sumarið í öllum þáttum golfækninnar. Kylfingarnir fengu síðan verkefni við hæfi hver og einn samkvæmt niðurstöðu greininga. Birgir kylfusmiður fjárfesti í Flight scope tæki sem við höfum aðgang að en vegna þess hvað það kom seint á golfárinu þá var það lítið notað á þessu tímabili. Flight scope er notað við greiningar á sveiflu og boltaflugi. Æfingar voru með sama sniði og undanfarin ár. Smá breyting var gerð á sjálfstæðum föstudagsæfingum. Breytingin var sú að nú var Björgvin á staðnum til aðstoðar þeim sem þurftu og gátu allir leitað til hans með sín verkefni. Annars voru æfingar með sama sniði og áður. Björn sá um yngstu strákana, Tinna og Signý voru Björgvini til aðstoðar með yngstu stelpurnar. Björgvin sá sjálfur um elstu hópana. Björn og Karl Ómar sá um nýliðakennslu, Björn um öldungaæfingar og Karl Ómar um golfleikjaskóla barna

og unglinga. Björn og Ingi Rúnar sá um æfingar fyrir Keiliséfaga. Einnig bauð Karl Ómar upp á námskeið einungis fyrir konur og síðar námskeið í stutta spiliinu fyrir almenning.

Snag er ný kennslutækni og áhöld í golfi fyrir börn og byrjendur. Við byrjuðum með Snag-æfingar á laugardagsmorgnum fyrir 5-10 ára börn í fylgd með fullorðnum. Þetta voru 12 laugardagar frá byrjun janúar og fram eftir vori. Mæting var mjög góð á Snag-æfingarnar. Stefna er sett á að auka þessar æfingar á næsta ári vegna góðrar þátttöku og ánægju allra.


Þegar æfingaferðinni til Costa Ballena var lokið höfðu margir iðkendur klárað að lagfæra sín tækniatriði sem búið var að vinna með í vetur. Aðeins var eftir að finpússa stutta spilið áður en íslenska tímabilið hæfist. Við byrjuðum sumardagskrána strax í vikunni eftir að grunnskólum lauk eða 9. júní. Sumargolfskólinn byrjaði á sama tíma og sumardagskráin. Breyting var gerð á sumarnámskeiðunum og núna höfð sem vikunámskeið í stað hálfsmánaðar. Gekk það vel fyrir sig og fjölgaði börnum sem sóttu skólann. Miðvikudagsmót voru á Sveinskotsvelli fyrir yngstu iðkendum. Þrjú mót voru haldin fyrir Meistaramót Keilis og síðan tóku flestir þátt í Meistaramótinu. Og vegna mikillra ánægju með mótin var bætt við tveimur mótum í lok sumars. Eftir sumarið sjáum við að það þarf nauðsynlega styttri teiga (gullteiga) á Sveinskotsvöll með vallarmati fyrir byrjendur og yngstu börnin.

Árangur Keilismanna á Eimskipsmótaröðinni árið 2014 var með ágætum. Hópurinn sem keppir er alltaf að stækka með ungum kylfingum í fremstu röð. Það er eitt af okkar markmiðum að breikka hópinn á mótaröðinni og er það að takast.



Golfklúbburinn Keilir vann til 9 Íslandsmeistararitla og 2 Stigameistararitla.

Tinna Jóhannsdóttir	Íslandsmeistari Holukeppni kvenna
Sveitakeppni	Íslandsmeistari Stelpur 16-18 ára
Sveitakeppni	1 deild karla
Sveitakeppni	1 deild kvenna
Sveitakeppni	1 deild eldri konur
Margrét Sigmundsdóttir	Íslandsmeistari kvenna 35+ 2. flokkur
Inga Magnúsdóttir	Íslandsmeistari kvenna 70+ án forgj.
Inga Magnúsdóttir	Íslandsmeistari kvenna 70+ með. forgj.
Gísli Sveinbergsson	Íslandsmeistari 17-18 ára strákar
Guðjón Heiðar Ólafsson	Stigam. 17-18 ára Áskorendam.
Golfklúbburinn Keilir	Stigam. kvk Eimskipsmótaröðin



Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ

Þau sem skipuðu sigursveitir Keilis 2014

16-18 ára, Stúlkur

Liðstjóri: Karl Ómar Karlsson

Leikmenn: Hafdís Alda Jóhannsdóttir, Harpa Líf Bjarkadóttir, Thelma Sveinsdóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir og Sigurlaug Rún Jónsdóttir.

A-sveit Keilis Karla

Liðstjóri: Björgvin Sigurbergsson

Leikmenn: Axel Bóasson, Benedikt Sveinsson, Birgir Björn Magnússon, Benedikt Harðarson, Gísli Sveinbergsson, Henning Darri Þórðarsson, Rúnar Arnórsson og Ísak Jasonarson.

A-sveit Keilis Konur

Liðstjóri: Karl Ómar Karlsson

Leikmenn: Tinna Jóhannsdóttir, Þórdís Geirsdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Signý Arnórsdóttir, Anna Sólveig Snorraddóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir, Hafdís Alda Jóhannsdóttir og Sigurlaug Rún Jónsdóttir.

A-sveit Keilis eldri-konur

Liðstjóri: Þórdís Geirsdóttir

Leikmenn: Anna Snædís Sigmarsdóttir, Kristín Sigurbergisdóttir, Erla Adolfsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Jónína Kristjánsdóttir, Margrét Berg Theodórsdóttir, Sigrún Margrét Ragnarsdóttir og Margrét Sigmundsdóttir.

Annar árangur í sveitakeppni GSÍ

A-sveit Keilis í drengir 18 og yngri 2.sæti

Annar árangur kyllfinga Keilis

Íslandsmót í högguleik

Guðrún Brá Björgvinsdóttir 2.sæti kvennaflokkur

Íslandsmót í holukeppni

Guðrún Brá Björgvinsdóttir 2.sæti kvennaflokkur

Íslandsmót unglunga í högguleik

Thelma Sveinsdóttir 3.sæti stelpur 15-16 ára

Íslandsmót unglunga í holukeppni

Birgir Björn Magnússon 3.sæti drengir 17-18 ára

Stigamót GSÍ (stigameistarar)

Signý Arnórsdóttir 2.sæti kvennaflokkur

Guðrún Brá Björgvinsdóttir 4.sæti kvennaflokkur

Gísli Sveinbergsson 3.sæti karlaflokkur

Stigamót GSÍ unglungar (stigameistarar)

Henning Darri Þórðarson 3.sæti piltar 15-16 ára

Áskorenda mótaröð GSÍ unglungar (stigameistarar)

Arnar Gauti Arnarsson 3.sæti drengir 15-16 ára

Thelma Björt Jónsdóttir 3.sæti stelpur 14 ára og yngri

Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2014 völdust

Axel Bóasson, Birgir Björn Magnússon, Gísli Sveinbergsson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Ísak Jasonarson, Henning Darri Þórðarsson, Rúnar Arnórsson, Sara Margrét Hinriksdóttir og Signý Arnórdsdóttir

Evrópukeppni félagsliða karlar

Axel Bóasson, Gísli Sveinbergsson og Henning Darri Þórðarsson
Liðsstjóri Björgvin Sigurbergsson

Evrópukeppni félagsliða konur

Anna Sólveig Snorraddóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir og Þórdís Geirsdóttir
Liðsstjóri Tinna Jóhannsdóttir

Landslið eldri kylfinga

Anna Snædís Sigmarsdóttir, Kristín Sigurbergsdóttir, Erla Adolfsdóttir, Jóhann Peter Andersen, Hafþór Kristjánsson, Sigurður Aðalsteinsson, Þórhallur Sigurðsson, Friðbjörn Hólm, Jóhannes Jónsson, Pétur Elíasson og Jens Karlsson.

Evrópukeppni félagsliða

Eftir frábæran árangur og með sigrum í bæði karla og kvennaflokki í Sveitakeppni GSÍ öðluðust sveitir okkar þátttökurétt á Evrópukeppni klúbblíða sem haldið var í Þýskalandi og Búlgaríu. Stelpurnar léku í Þýskalandi dagana 2.-4. október, hér kemur hluti

skemmtilegrar frásagnar Tinnu liðstjóra frá hluta ferðarinnar.

“Við vorum langfyrstar á svæðið og tókum æfingahring þar sem allskonar hælur tóku á móti okkur, gulir, rauðir og að sjálfsgöðu eitthvað af hvítum. Völlurinn var spilaður af gulum teigum og alls ekki fyrir viðkvæma. Undirrituð fékk smá kitl í lófana sem breyttist fljótt í létti og í þó nokkra ánægju með captain bandið um handlegginn. Við gerðum okkar besta, skorið hefði mátt vera betra en svona er þetta golf. You win some you lose some og 10. sætið staðreynd. Þetta fer allt í reynslubankann”.

Eins og kemur fram í þessari skemmtilegu frásögn Tinnu þá var árangurinn ekki alveg einsog stefnt var að í þetta skiptið. Liðið endaði í 10. sæti, en það má segja að fyrsti keppnisdagurinn hafi eyðilagt svolítið fyrir liðinu okkar.

Strákarnir héldu til Búlgaríu dagana 23.-25. október, kannski ekki alveg rétta landið til að leika golf í lok október. Það átti heldur betur eftir að sanna sig, einungis var leikinn einn hringur af þeim þremur sem til stóð að leika á mótinu. Liðið lék feikivel og var í einu af efstu sætunum á fyrsta hring, en því miður var sá hringur sleginn af og átti mótið því að vera tveir hringir. Á öðrum hring héldu strákarnir uppteknum hætti og voru í 3.-4. sæti eftir fyrsta hringinn. Töldu sig eiga nóg inni enda höfðu þeir leikið mun betur daginn áður. En eins og fyrr sagði var sá dagur sleginn af. Er vaknað var á laugardagsmorguninn var jafnfallin snjór yfir öllu og því ekkert annað að gera en að fella lokahringinn út eins og þann fyrsta. Úrslitin klár Keilir endaði í 3.-4. sæti. Vonbrigðin gífurleg hjá strákunum en árangurinn samt sá besti sem náðst hefur á Evrópukeppni félagsliða hjá Íslenskum golfklúbbi.



Mótahald 2014

Meistaramót Keilis 2014 haldið 6. - 12. Júlí.
Þátttakendur 332

Klúbbmeistarar Keilis 2014.

Meistaraflokkur karla Axel Bóasson 285 högg

Meistaraflokkur kvenna Tinna Jóhannsdóttir 311 högg

Sigurvegarar í öðrum flokkum.

1. flokkur karla Ragnar Ágúst Ragnarsson 301 högg

1. flokkur kvenna Hildur Rún Guðjónsdóttir 324 högg

2. flokkur karla Lárus Long 330 högg

2. flokkur kvenna Margrét Sigmundsdóttir 374 högg

3. flokkur karla Lúðvík Geirsson 358 högg

3. flokkur kvenna Kristín F Gunnlaugsdóttir 286 högg

4. flokkur karla Pálmar Gíslason 271 högg

4. flokkur kvenna Helga Loftsdóttir 83 punktar

5. flokkur karla Kristinn Snær Guðmundsson 102 punktar

Öldungaflokkur 70+

Guðlaugur Gíslason 70 punktar

Öldungaflokkur kvk 65+

Sigrún M Ragnarsdóttir 257 högg

Öldfl kk forgjöf 0-15

Kristján V Kristjánsson 245 högg

Öldfl kk forgjöf 16-34

Ágúst Knútsson 276 högg

Öldfl kvk forgjöf 0-18

Erla Adólfssdóttir 259 högg

Drengir 15 – 16 ára

Helgi Snær Björgvinsson 222 högg

Telpur 15 – 16 ára

Thelma Sveinsdóttir 254 högg

Strákar 14 ára og yngri

Daníel Ísak Steinarsson 244 högg

Stelpur 14 ára og yngri

Íris Lorraine Káradóttir 277 högg

Meistaramót barna 2014 haldið á Sveinskotsvelli 8. - 9. Júlí. Þátttakendur voru 10 efnilegir drengir og stúlkur

Strákar

1. sæti Bjarki Snær Halldórsson GK 132 högg

2. sæti Krummi Týr Gíslason GK 167 högg

3. sæti Tómas Hugi Ágeirsson GK 184högg

Stelpur

1. sæti Jóna Karen Þorbjörnsdóttir GK 171 högg

2. sæti Sóley Sveinbergdóttir GK 196 högg

3. sæti Heiðdís Edda Guðnadóttir GK 273högg

Bikarmeistari Keilis 2014

Bikarmeistari Keilis 2014 varð Henning Darri Þórðarsson, Henning sigraði Þórdísi Geirsdóttur í úrslitaleiknum.

Gildandi vallarmet

Kristján Þór Einarsson GK

62 högg af hvítum teigum (Meistaramót Keilis 2012).

Ólafur Már Sigurðsson GK

64 högg af gulum teigum (2004).

Ragnhildur Sigurðardóttir GR

68 högg af bláum teigum (2005).

Ágúst Elí Björgvinsson GK

67 högg af rauðum teigum (2009).

Henning Darri Þórðarson GK

68 högg af bláum teigum (Meistaramót Keilis 2012).

Ragna Björk Ólafsdóttir GK

68 högg af rauðum teigum (2008)

Gísli Sigurðsson GK

72 högg af rauðum teigum (2003) vallarmet 70 ára +)

Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2014 og tilkynntu til Einherjaklúbbsins.

Hvaleyrarvöllur

Ólöf Ásgeirsdóttir 13.09.2014 Hvaleyrarvöllur 6. braut

Kristrún Runólfssdóttir 10.09.2014 Hvaleyrarvöllur 6. braut

Ólafur Ragnarsson 21.07.2014 Hvaleyrarvöllur 6. braut

Jón Freyr Egilsson 20.07.2014 Hvaleyrarvöllur 6. braut

Þorgerður K. Gunnarsdóttir 14.07.2014 Hvaleyrarvöllur 4. braut

Sigurþór Jónsson	12.07.2014	Hvaleyrarvöllur	10. braut
Magnús Pálsson	06.07.2014	Hvaleyrarvöllur	4. braut
Ellý Erlingsdóttir	12.06.2014	Hvaleyrarvöllur	10. braut
Pórunn Bergsdóttir	04.09.2014	Hvaleyrarvöllur	10. braut

Félagslíf

Kvennastarf

Kvennastarfið 2014 hófst um miðjan janúar með hinni hefðbundnu púttmótaröð. Leiknir voru átta hringir og töldu fjórir bestu hringir hverrar konu til úrslita. Sigurvegari í ár var Þórdís Geirsdóttir með 114 högg. Blásið var til vorgleði í mars og þar var m.a. verðlaunaafhending fyrir púttmótaröðina.

Sumarstarfið hófst með vormóti í Grindavík þann 23. maí og var Húsatóftavöllur spilaður í roki og dumbungi en leikgleðin og góðar veitingar í lok móts bætti ólund veðurguðanna upp. Síðan tók sumarmótaröðin við og tóku á annað hundrað konur þátt í henni. Spiluð voru 10 mót og töldu fjögur bestu mótin til úrslita hjá hverri konu. Keppt var í þremur flokkum þetta árið. Í flokki 0-11 sigraði Anna Jódís Sigurbergsdóttir, í flokki 11.1-22.5 sigraði Jónína Kristjánsdóttir og í flokki 22.6-34.4 sigraði Kristín Fjóra Gunnlaugsdóttir. Eitt mót kvennamótaraðarinnar var styrktarmót og höfðu þær Christel Johansen og Dagbjört Bjarnadóttir veg og vanda af því móti. Sumarmótaröðin var einnig haldin á Sveinskotsvelli en þátttaka þar var frekar dræm.

Vinkvennamótið við Oddskonur var á sínum stað í júlí og voru spilaðir tveir hringir þ.e. einn á Hvaleyrarvelli og annar á Urriðakotsvelli. Unnum við Keiliskonur vinkvennamótið fimmta árið í röð.

Haldið var á Selfoss í haustferð kvennanefndar þar sem Evrópa og Ameríka tókust á í 18 holu keppni á Svarfhólsvelli og síðan var gíst á Hótel Selfossi. Starfinu 2014 lauk svo með lokahófi kvennanefndar þann 30. október þar sem veitt voru verðlaun fyrir sumarmótaröðina.

Mótahald

Síðastliðið sumar var mótahald svipað sett upp og undanfarin ár, eftir að hafa fækkað opnun mótum síðastliðin sumur, þá var mótafjöldi sá sami í ár og á árinu 2013.

Eitt verkefni var á vegum GSÍ á Hvaleyrarvelli Íslandsmótið í Holukeppni. Það mót er geysisterkt og einungis allra sterkustu kylfingar landsins fá þátttökurétt. Ein nýjung var við mótahaldið en frá því var útvarpað, er þetta í fyrsta skipti sem útvarpað er frá

golfmóti á Íslandi. Hlustunin var mjög góð en notast var við forritið "SPREAKER" sem er á netinu og öllum aðgengilegt. Spilað var við finar aðstæður þótt að völlurinn hafi ekki náð sér að fullu eftir erfiðan vetur. Tinna okkar Jóhannsdóttir sigraði í kvennaflokki og í karlaflokki sigraði Kristján Þór Einarsson GKJ.

Keilir hefur legið undir ámæli frá Golfsambandinu síðustu ár fyrir að ýta frá sér mótahaldi á vegum sambandsins. Fyrir því eru góðar ástæður aðallega þær að samþykktir aðalfundar Keilis um hámarks fjölda daga fyrir mót á vegum GSÍ eru ekki í takt við væntingar Golfsambandsins. Að því hefur verið stefnt síðustu tvö ár að koma á laggirnar sterku móti á meðal bestu kylfingana okkar. Eitt af markmiðum slíks mótahalds er að bjóða sterkum áhugamönnum/konum til mótsins og festa það í sessi sem eitt sterkasta golfmót sem haldið er ár hvert á Íslandi. Vonandi sjáum við slíkt mót verða að veruleika strax á næsta ári. Unnið hefur verið að því að finna réttan styrktaraðila til að halda mótið með Keili. Vonandi getum við styrkt mótahald á Íslandi með því að bjóða uppá Hvaleyrarbikarinn til framtíðar og Keilisfólk sameinist um þetta flotta verkefni.

Golfvöllur Keilis var leigður út til fyrirtækja eins og undanfarin ár alls voru þetta 9 skipti sem völlurinn var lokaður hluta úr degi, oftast var völlurinn opnaður aftur um þrjú leytið.

Auk þessa voru ýms fyrirtæki og félagasamtök með rástíma 1 til 2 tíma í senn.

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar, Haukar, FH, Icelandair, Landsbankinn, VM, og Rio Tinto Alcan héldu sín árlegu golfmót hjá okkur.

Nú annað árið í röð er viðhorfskönnunin að sýna að árangur er að nást af fækkun móta. Keilisfélagar finna fyrir færri mótum og það sést á niðurstöðum úr viðhorfskönnunni í ár eins og á síðasta ári. Það er mikið gleðiefni að Keilisfélagar láta það líka sjást ef þeir eru sammála þessari þróun og styðja hana.

Á síðasta ári var ekkert opið kvennamót, það hefur því miður ekki tekist að ná í styrktaraðila að kvennamóti. Securitas stóð glæsilega að baki opins kvennamóts hjá Keili í tvö ár. En ákváðu í ár að taka sér frí frá því. Viðræður hafa staðið yfir við annað fyrirtæki sem sýnt hefur þessu áhuga. Vonandi tekst að koma á aftur opnu kvennamóti á næsta ári.

Nýjung var reynd í keppnishaldi á síðasta ári. Enn það var svokallað mánaðarmót, mótið stóð í heilan mánuð (september) og var

gestum og félagsmönnum gert mögulegt að leika í því hvenær sem var innan mánaðarins. Þessi tilraun tókst með ágætum þrátt fyrir rigningartíð. Tilraunin var gerð í þeim tilgangi að þurfa ekki að loka vellinum tvo til þrjá laugardaga í september, þegar dag hafði tekið að stytta og einungis hægt að spila um helgar fyrir hinn vinnandi félagsmann. Tilrauninni var einstaklega vel tekið af félagsmönnum og kom ágætlega út. Það má læra margt af þessu og sumt bæta, vonandi getur þetta form orðið til þess að sætta félagsmenn um mótahald á haustmánuðum.

Æfingaferð

Kylfingar Keilis fóru í æfingaferð erlendis og var farið til Costa Ballena á Spáni. Ferðin gekk vel og fór svipaður hópur og undanfarin ár. Þrír kennarar fóru í ferðina, Tinna, Karl Ómar og Björgvin ásamt tveimur fararstjórum, Unni Elfu og Sveinbergi. Gekk ferðin vel í alla staði og vöktu okkar ungu kylfingar athygli fyrir góða hegðun og kurteisi. Eins og undanfarin ár var spáð í hvort skipta mætti hópnum og fara í tvær ferðir. Hugmyndin var að þau sem lengra væru kominn fengju meira út úr sérferð. Eftir vangveltur og skoðun ýmissa sjónarmiða var farið í eina sameiginlega ferð með allan hópinn.

Skemmtanir

Haldið var upp á Jónsmessuna 21.júní. Þátttakan var mjög góð, alls tóku 40 lið þátt í Jónsmessugleðinni eða alls 80 keppendur. Það eru ekki allir klúbbar sem geta ár eftir ár haldið Jónsmessuna með jafn góðum árangri og við í Keili. Það er ykkur félögnum að þakka og sýnir þann góða anda sem ríkir í klúbbnum.

Bændaglíma var haldin laugardaginn 4. október, þátttakan var með ágætum og 50 tóku þátt í bændaglímunni. Bændur voru þeir Brynjar Indriðason og Kristín Fjóra Gunnlaugsdóttir. Lið Brynjars sigraði naumlega.

Þorrablótið á sér fastan sess í skemmtanalífi okkar Keilismanna, alltaf hefur tekist að fylla á þetta kvöld. Að vanda var blótið haldið á bóndadaginn og verður svo áfram á næsta ári.

Afreksmannahóf Keilis hefur verið er fastur liður á hverju ári, hófið var haldið að venju í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á miðvikudagskvöldum eru bridgekvöld en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Í ár

byrjar bridgeið með miklum látum og hefur verið met þátttaka á fyrstu kvöldum vetrarins. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum. Minnum við á að allir eru velkomnir á þessi kvöld.

Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.

Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta þess að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

Foreldraráð

Foreldraráð var endurstofnað í desember 2013 á foreldrafundi. Foreldrar komu með ýmsar hugmyndir um það sem væri hægt að gera yfir golfárið. Þessar hugmyndir tók foreldraráð og fór yfir og gerði ársáætlun um starfssemi sem fara átti fram á árinu 2014. Foreldraráð hittist mánaðarlega með Íþróttastjóra, fór yfir starfsáætlun og skipulagði þau verkefni hennar sem heyrðu undir foreldraráð.

Markmið foreldraráðs var að framkvæma þær hugmyndir sem komu fram og voru settar á starfsáætlun.

Foreldraráð ákvað að leggja áherslu á að sú fjáröflun sem yrði fyrir unglunga sem færu í æfingarferði til Spánar yrði í höndum þeirra sem komu með hugmyndirnar. Það gekk mjög vel eftir og öll fjáröflun gekk mjög vel.

Helstu verkefni á starfsáætlun voru: skötuveisla, kertasala, flöskusöfnun, golfdagur, lakkrís, eggjasala, hópefli (bíóferð), púttmót, álfagaldur, sameiginlegir æfingahringir fyrir sumarmótin, golfmót fyrir yngri krakka í sumar, sveitakeppni, reglukvöld og haustpúttmót.



Samstarf við aðra golfklúbba


Í sumar voru í gildi samningar um afsláttarkjör til félagsmanna, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

- Golfklúbbi GS í Leiru
- Golfklúbbi GHR á Hellu
- Golfklúbbi Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbum Geysi
- Golfklúbbi Selfoss
- Golfklúbbi Borgarness
- Golfklúbbi Sandgerðis
- Golfklúbbum Leyni
- Golfklúbb Akureyrar

Heimsóknir okkar féлага á þessa velli eru eftirfarandi:

Vatnsleysa	374 hringir
Hella	282 hringir
Borgarnes	158 hringir
Leira	275 hringir
Leynir	169 hringir
Selfoss	174 hringir
Geysir	178 hringir
Akureyri	122 hringir
Sandgerði	Óskráð

Samtals voru þetta 1.732 leiknir hringir, en voru í fyrra 1.428. Skýra má mun á milli ára að tölur fengust ekki frá golfklúbbum Geysi á síðasta ári.



- Leiran
- Hella
- Selfoss
- Borgarnes
- Vatnsleysan
- Akranes
- Akureyri
- Geysir

Leiknir hringir 2014

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir 27.502 hringir á síðasta sumri á Hvaleyrarvelli. Á árinu 2013 voru leiknir 28,518. Aðalástæða þessarar fækkunar er eins og flestir félagar vita slæmt veður í júní og júlí og einnig fækkun í félagatali. Á súluriti sem sýnir spilun á völlum okkar kemur bersýnilega í ljós hvernig veðurþróun hefur verið síðastliðið sumar. Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 69% af notkuninni og er það sama hlutfall og í fyrra. Að meðaltali fóru um 149 kylfingar í gegnum völlinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 66% af félagsmönnum og þann völl léku 47 kylfingar á dag en voru 39 í fyrra. Áhugaverðar tölur sem sýna að veðrið og fækkun féлага hefur áhrif á spil á völlum okkar.

Skipting er eftirfarandi :

Hvaleyrarvöllur	27.502 hringir
Sveinskotsvöllur	8.975 hringir



Lokaorð



Golfklúbburinn Keilir stendur í lok árs 2014 á margvíslegum tímamótum.

Ljóst er að á heimsvísu á golf undir högg að sækja og hér heima á Íslandi hefur dregið úr ævintýrlegri fjölgun iðkenda. Í fyrsta sinn í mörg ár sjáum við fækkun félagsmanna í Keili svo orð sé á gerandi. Jafnframt hækkar meðalaldur okkar töluvert. Þessi þróun hefur bein áhrif á rekstur okkar. En þrátt fyrir að Golfklúbburinn Keilir búi vel að fjölda vaxandi tekjuliða þá er það enn svo að félagsgjöld eru lang stærsti tekjuliðurinn eða um 46% af heildartekjum. Öll þróun á fjölda og samsetningu félagsmanna mun hafa bein áhrif á afkomu klúbbsins til framtíðar. Það liggur í hlutarins eðli að mikilvægi þess að sækja nýja félagsmenn úr hópi ungmenna er meira en nokkur tíma fyrr.

Árið 2014 var fyrsta árið sem starfað var eftir nýju skipuriti GK. Rekstri íþróttafélagsins var skipt í eftirfarandi svið í stefnumótun: Rekstrarsvið, markaðssvið, íþróttasvið og mannvirkjasvið. Stjórn

Golfklúbbsins er þess fullviss að með þessari breytingu fái hún skýrari mynd af rekstri og stöðu klúbbsins. Stjórn klúbbsins skipti með sér störfum í nefndum sem tengjast hverju sviði. Auk þess voru inn í hverja nefnd fengnir starfsmenn klúbbsins. Tenging stjórnar og yfirsýn leyfi ég mér að fullyrða varð með því enn betri en áður.

Nýliðið rekstrarár byrjaði ekki vel en klaki lá yfir stórum hluta vallarins í rúmlega 100 daga síðastliðinn vetur. Jafnframt varð umtalsvert kal. Það var allt annað en bjartsýni sem fór um huga formanns þegar hann gekk um völlinn í janúar síðast liðnum og ýldu og fúkkalykt lá í loftinu. Það verður í mínum huga því að teljast kraftaverki líkast hvernig ástand vallarins var þrátt fyrir allt í sumar. Í dag starfa hjá Keili 4 starfsmenn sem hafa lokið námi í Elmwood College í grasvallafræðum auk eins sumarstarfsmanns sem stundar þar nám nú. Ég leyfi mér að fullyrða að mikilvægi þessarar mentunar fyrir golfvöll af okkar stærðargráðu skiptir sköpum og verður seint fullmetið.

Ímynd íþróttafélags eins og Golfklúbbsins Keilis markast af ýmsum þáttum. Má þar nefna félagslega þætti eins og unglingsstarf, aðgengi að almenningsíþrótt og samfélagslega ábyrgð. Á árinu 2014 hlaut Keilir GEO umhverfisstærðunina. Vottunin staðfestir að rekstur félagsins byggir á markmiðum um sjálfbærni og endurnýtanlega orku. Sannarlega rós í hnappagatið fyrir starfsmenn okkar sem lögðu á sig mikla vinnu til að sigla þessu verkefni í höfn. Í dag hafa einungis 2 golfklúbbar á Íslandi hlotið þessa viðurkenndu vottun. Félagsmenn sjá merki þessa í breyttri umhirðu vallar, dregið hefur verið úr slætti á sumum svæðum og þeim jafnvel hætt á öðrum.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 2015 þá munu heildartekjur okkar í fyrsta skipti fara yfir 200 milljónir. Skuldir okkar hafa jafnframt lækkað umtalsvert en þær voru í lok síðasta rekstrarárs 43 milljónir samanborið við 164 milljónir í lok árs 2009 þegar þær fóru hæst. Greiðslubyrði langtímalána hefur á sama tíma lækkað úr 44 milljónum og er áætluð á næsta ári 4,8 milljónir. Stjórn Keilis ítrekar þakklæti til fráfarandi gjaldkera sem hefur staðið keikur í gegnum þennan fjármálabyl. Fjárhagsáætlanir okkar sem kynntar hafa verið hér í kvöld miða áfram að því að lækka skuldir og létta greiðslubyrði. Það er von okkar að tekjustofnar eins og útseld þjónusta haldi áfram að aukast. Þess má geta að á 20 dögum núna í október mánuði götuðu starfsmenn klúbbsins 460.000m² á íþróttavöllum fyrir hin ýmsu félög.

Árið sem nú siglir hjá var að mörgu leyti gjöfult. Stórir sigrar unnust en fjöldi verðlauna í unglingsflokkum voru færri en við eigum að venjast. Þetta sýnir að aldrei má slá slöku við í íþróttastarfinu og að samkeppnin er stöðugt að aukast.

Tvöfaldir sigrar unnust í sveitakeppni GSÍ í efstu deild, Keiliskonur sigruðu jafnframt sveitakeppni öldunga og í aldursflokknum 16-18 ára. A sveitir okkar bæði í karla og kvennaflokki fylgdu svo núna á haustmánuðum eftir sigrum sínum með stórgóðri frammistöðu á Evrópumótum Golfklúbba. Ég leyfi mér að fullyrða ef að snjócoma hefði ekki truflað leik hjá strákunum okkar í Búlgaríu þá hefðum við þar verið að keppa um 1. sæti í stað þess að hafna í 4. sæti þar sem aðeins náðist að ljúka einum hring.

Tinna Jóhannsdóttir varð svo Íslandsmeistari í holukeppni hér á heimavelli. Hún sigraði Guðrúnu Brá frænku sína í undanúrslitum og Karení Guðnadóttir úr Golfklúbbi Suðurnesja í úrslitaleiknum. Tinna hefur nú orðið bæði Íslandsmeistari í höggleik og holukeppni.

Árangur Gísla Sveinbergssonar stendur þó upp úr á árinu en auk þess að verða Íslandsmeistari í flokki 17-18 ára, lenda í þriðja sæti á stigalista Eimskips mótaraðarinnar á sínu fyrsta ári og verða Íslandsmeistari með sveit GK. Þá sigraði Gísli hið geysisterka Duke of York ungmennamót. Það og frábær frammistaða hans undanfarið hér heima og erlendis hefur orðið til þess að Gísli er þegar þessi orð eru rituð í 99. sæti á heimlista áhugamanna. Það er árangur sem enginn Íslendingur hefur náð.

Stjórn Keilis hefur undanfarið haft það að markmiði að koma á móti hér á heimavelli okkar, svokölluðum Hvaleyrarbikar. Mót þetta verður ef áætlanir ganga fram boðsmót fyrir sterkustu kylfinga landsins og er hugmyndin að bjóða þáttöku sterkum erlendum leikmönnum. Mótið yrði fámenn en gríðarsterkt, ætti því að falla vel að þéttari dagskrá okkar. Það ætti jafnframt að geta laðað að áhorfendur og verða stolt okkar Keilismanna. Viðræður hafa staðið yfir við stóra samstarfsaðila þessa efnis og verður fljótlega hægt að upplýsa um framvindu þeirra.



Árið 2017 verður Golfklúbburinn 50 ára. Þegar liggur fyrir að við munum halda Íslandsmót á afmælisárinu og munum við kappkosta að gera það sem allra glæsilegast. Markmið okkar í stjórn hefur verið að vorið 2016 verði framkvæmdum við nýjar brautir 10, 11 og 12 að fullu lokið. Þannig að á afmælisárinu skarti völlum okkar sínu fegursta. Það liggur þó jafnframt fyrir að fjárhagsstaða Hafnarfjarðar er þannig að það kallar á styrka fjárhagsstjórn bæjarsjóðs. Stjórn Golfklúbbsins Keilis hefur sent Bæjaryfirvöldum kostnaðaráætlun vegna breytinganna. Jafnframt var í sama erindi farið fram á framlag bæjarins samkvæmt samþykktum um framkvæmdir íþróttafélaga í bæjarfélaginu. Svar liggur ekki fyrir en ljóst er að framkvæmdum verður ekki framhaldið án aðkomu bæjarins. Stjórn Keilis treystir því að aðkoma bæjarins verði í takt við fyrra samstarf þar sem aðhaldsemi og ráðdeild hefur ætíð verið höfð að leiðarljósi.

Við áður nefnda stefnumótun voru kjörorð klúbbsins mörkuð: Virðing, Framsækni og Velliðan. Ég vil hvetja starfsfólk, stjórnarmenn og aðra félagsmenn til að hafa þau ætíð að leiðarljósi við leik okkar og störf. Um leið þakka ég öllu starfsfólki fyrir vel unnin störf á árinu sem og samstarfsfólki mínu í stjórn.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Keilis óska ég ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.





ENDURSKOÐUN
Gunnars Hjaltalín ehf.

Gunnar Hjaltalín
Löggitur endurskoðandi

**GOLFKLÚBBURINN KEILIR
STEINHOLTI 1
HAFNARFJÖRÐUR
KT. 680169-6919**

ÁRSREIKNINGUR 2014

Fjarðargötu 13-15 • 220 Hafnarfirði • K.t. 620394-2469 • Sími 565 1144

Áritun endurskoðanda

Ég hef yfirfarið ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við yfirferðina kannaði ég bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurnir og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Ég hef fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og tel mig hafa grunn til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2014 í samræmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 9.desember 2014


löggiltur endurskoðandi.

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álit stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2014, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2013 til 31. október 2014 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbum störfuðu á árinu til lengri eða skemmri tíma alls um 30 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili 1.288

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 9. desember 2014.

Arnar B. Alþósson

Erinn Þórunn Þórunnsson

Ingvaldur Þórunnsson

DAVID ARNAR ÞÓRUNN

V. Þórunn Þórunnsson
Annika Þórunn

Ólly Þórunn Þórunn

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur :			
Félagsgjöld		90.487.816	92.091.278
Flatargjöld		14.561.880	13.746.722
Mótatekjur	1	12.940.937	11.916.300
Styrkir og framlög	2	19.897.464	18.155.322
Tekjur æfingasvæðis	3	15.320.349	16.558.297
Tekjur verslunar	4	8.290.504	7.210.960
Seld þjónusta		24.894.401	20.143.545
Unglingavinna		2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur	5	9.217.447	8.260.162
Rekstrartekjur samtals		198.010.798	190.482.586
Rekstrargjöld:			
Félagsskattur GSÍ		5.413.700	5.665.400
Mótagjöld	6	4.514.778	3.299.065
Styrkir og hjálfunarkostnaður	7	18.261.171	18.767.639
Rekstur æfingasvæðis	8	14.048.256	14.989.485
Viðhald og rekstur valla	9	40.410.029	36.307.392
Viðhald og rekstur véla	10	17.815.245	16.445.235
Rekstur fasteigna	11	10.664.043	10.617.641
Stjórnunarkostnaður	12	24.932.962	23.587.748
Rekstur verslunar	13	11.973.472	10.519.476
Rekstur útseldrar þjónustu	14	20.782.598	15.638.577
Unglingavinna		2.400.000	2.400.000
Annar kostnaður	15	4.352.876	4.922.320
Afskriftir		9.126.348	8.076.510
Rekstrargjöld samtals		184.695.478	171.236.488
Hagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		13.315.320	19.246.098
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		1.352.468	1.509.144
Vaxtagjöld og verðbætur		-6.387.382	-8.121.230
Leiðrétting lána		9.495.226	0
Samtals		4.460.312	-6.612.086
Hagnaður ársins		17.775.632	12.634.012

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2014

EIGNIR	Skýr.	2014	2013
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		210.806.598	207.327.243
Bifreiðar		807.593	950.109
Vélar og tæki		49.213.349	42.822.622
Áhöld og innréttingar		1.695.036	1.994.160
Golfvöllur		289.714.605	282.587.316
Fastafjármunir samtals		552.237.181	535.681.450
Veltufjármunir:			
Birgðir		8.145.474	9.993.863
Viðskiptakröfur		10.347.845	6.186.641
Aðrar skammtímakröfur		1.639.711	3.333.091
Bankainnistæður		411.874	176.096
Veltufjármunir samtals		20.544.904	19.689.691
Eignir alls		572.782.085	555.371.141
SKULDIR OG EIGID FÉ:			
Eigið fé.			
Framlag Hafnarfjarðarbæjar		249.103.175	249.103.175
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun		222.486.199	209.852.187
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		17.775.632	12.634.012
Eigið fé samtals		489.365.006	471.589.374
Langtímaskuldir:			
Verðtryggðar skuldir.....		43.513.866	60.061.429
Næsta árs afborgun		-3.443.140	-8.011.000
Langtímaskuldir samtals		40.070.726	52.050.429
Skammtímaskuldir:			
Tékkareikningslán		14.548.749	9.505.515
Viðskiptaskuldir		16.655.406	5.928.910
Ógreitt vegna starfsfólks		7.252.694	6.192.426
Ógreiddur virðisaukaskattur		1.446.364	2.093.487
Næsta árs afborgun langtímalána		3.443.140	8.011.000
Skammtímaskuldir samtals		43.346.353	31.731.338
Skuldir og eigið fé alls		572.782.085	555.371.141

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2014.

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

	2014	2013
Hagnaður ársins	17.775.632	12.634.012
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir fastafjármuna	9.126.348	8.076.510
Verðbætur langtímalána.....	1.100.290	2.250.250
Leiðrétting langtímalána.....	-9.495.226	0
	<u>18.507.044</u>	<u>22.960.772</u>
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur, (hækkun)lækkun	-2.467.824	-3.115
Vörubirgðir, lækkun(hækkun)	1.848.388	-1.921.676
Skammtímaskuldir, hækkun(lækkun)	11.139.641	-1.007.661
	<u>10.520.205</u>	<u>-2.932.452</u>
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS	<u>29.027.249</u>	<u>20.028.320</u>

FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

Endurbætur á golfvelli og húsnæði.....	-10.606.644	-10.320.734
Vélakaup.....	-15.075.435	-11.943.490
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS	<u>-25.682.079</u>	<u>-22.264.224</u>

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

Afborgun veðskulda	-8.152.626	-7.638.368
Hækkun tékkareikningsláns.....	5.043.234	9.505.515
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS	<u>-3.109.392</u>	<u>1.867.147</u>
HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	<u>235.778</u>	<u>-368.757</u>

Handbært fé i ársbyrjun	176.096	544.852
HANDBÆRT FÉ 31.10. 2014.	<u>411.874</u>	<u>176.095</u>

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2014.

FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Áhöld og innréttingar	Vélar og tæki	Golfvöllur
Stofnverð 01.01	207.327.243	950.109	1.994.160	42.822.622	282.587.316
Keypt á árinu	3.479.355	0	0	15.075.435	7.127.289
Afskriftir ársins	0	-142.516	-299.124	-8.684.708	0
	<u>210.806.598</u>	<u>807.593</u>	<u>1.695.036</u>	<u>49.213.349</u>	<u>289.714.605</u>
Bókfært verð 31.10. 2014	210.806.598	807.593	1.695.036	49.213.349	289.714.605

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvöllir eru ekki afskrifaðir, enda lítið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbætti fjárfestingu ársins í slíkum eignum.

EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2014.

	Yfirtækt frá fyrra ári	Rekstrar- afkoma	Samtals 31.10.2014
Annað eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé	222.486.199	17.775.632	240.261.831
Framlag Hafnarfjarðar	249.103.175	0	249.103.175
	<u>471.589.374</u>	<u>17.775.632</u>	<u>489.365.006</u>

LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir Keilis eru 2 verðtryggð skuldabréf með lokagjalddaga 2021 og árið 2031. Vextir af lánunum eru 5,17% og 5,22%.

	Samtals
Landsbankinn	32.879.596
Landsbankinn	10.634.270
Samtals	<u>43.513.866</u>

Afborganir langtímaskulda eru kr.3.443.140 á ári

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2014.

	2014	2013
1. MÓTATEKJUR		
Tekjur, opin mót	8.466.875	6.473.700
Tekjur, innanfélagsmót	2.444.062	3.792.600
Tekjur, firmakeppni	2.030.000	1.650.000
MÓTATEKJUR ALLS	12.940.937	11.916.300
2. STYRKIR OG FRAMLÖG		
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	9.348.901	9.153.716
Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla.....	6.087.980	5.498.521
Afreksmannasjóður ÍBH	1.930.000	971.149
IBH, Alcan styrkur vegna unglunga	886.141	778.464
Framlag ÍSÍ vegna lottó	759.884	621.319
Ferðastyrkur íþróttaráð	589.067	680.000
Framlag ÍSÍ vegna getrauna	295.491	452.153
STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS	19.897.464	18.155.322
3. TEKJUR ÆFINGASVÆDIS		
Boltaleiga, Hraunkot	11.822.585	12.681.039
Styrkir, Hraunkot	1.705.000	1.681.000
Útleiga, Hraunkot	510.682	863.300
Púttmót, Hraunkot	472.990	460.000
Gjafabréf, Hraunkot	441.789	385.216
Sala, Hraunkot	367.303	487.742
TEKJUR ÆFINGASVÆDIS ALLS	15.320.349	16.558.297
4. TEKJUR VERSLUNAR		
Seldar golfvörur	8.290.504	7.210.960
TEKJUR VERSLUNAR ALLS	8.290.504	7.210.960
5. AÐRAR TEKJUR		
Unglinganámskeið og æfingargjöld.....	4.339.095	4.118.568
Leiga golfbíla og golfsetta	2.975.053	2.746.425
Skápaleiga	798.000	714.000
Húsaleigutekjur	590.000	320.000
Vetrarsala	515.299	361.169
AÐRAR TEKJUR ALLS	9.217.447	8.260.162
6. MÓTAGJÖLD		
Kostnaður vegna innanfélagsmóta	2.700.365	1.587.682
Kostnaður vegna opinna móta	1.814.413	1.711.383
MÓTAGJÖLD ALLS	4.514.778	3.299.065
7. STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR		
Laun og launatengd gjöld þjálfara	12.699.713	14.086.088
Keppnisstyrkir	3.037.992	3.790.168
Evrópukeppni	2.177.966	388.220
Þjálfun afreksfólks.....	345.500	503.163
STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR ALLS	18.261.171	18.767.639

8. REKSTUR ÆFINGASVÆDIS		
Laun vegna Hraunkots og eftirlits.....	7.555.035	6.444.123
Hraunkot rafmagn og hiti.....	1.519.725	1.445.875
Æfingaboltar	1.335.330	1.780.441
Hraunkot viðhald.....	974.538	2.475.304
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður	593.426	583.151
Tryggingagjald	474.355	474.157
Hraunkot innkaup og auglýsingar	1.426.308	1.557.930
Kennsla vegna gjafabréfa.....	169.539	224.000
Starfsmannakostnaður.....	0	4.504
REKSTUR ÆFINGASVÆDIS ALLS	14.048.256	14.989.485
9. VIÐHALD OG REKSTUR VALLA		
Launakostnaður	27.009.013	23.895.033
Viðhald valla	2.701.679	2.370.906
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður	3.127.664	2.732.854
Tryggingagjald	2.364.565	2.244.652
Námskeið ofl. vegna starfsmanna.....	2.085.507	1.381.356
Eftirlit á völlum.....	1.221.800	1.589.900
Áburður og frá	737.511	557.301
Vinnufatnaður starfsmanna	671.323	743.494
Aðkeyptur akstur.....	425.967	226.427
Félagsgjöld SIGI	65.000	65.000
Sandur	0	500.469
VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS	40.410.029	36.307.392
10. VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA		
Launakostnaður	6.627.651	4.833.561
Viðhald og varahlutir	6.386.484	7.107.317
Eldsneyti á vélar og tæki	3.326.650	3.481.481
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður	721.398	395.027
Tryggingar véla og tækja	202.610	223.430
Tryggingagjald	550.452	404.419
VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS	17.815.245	16.445.235
11. REKSTUR FASTEIGNA		
Ræsting,	3.416.024	2.973.736
Hiti og rafmagn	2.095.201	2.116.458
Viðhald áhaldahúss	1.293.458	100.279
Viðhald skála	981.236	2.800.907
Hreinlætisvörur	822.890	700.768
Securitas gæsla	761.009	677.229
Viðhald áhalda og innréttinga.....	499.544	202.712
Tryggingar	794.681	1.045.552
REKSTUR FASTEIGNA ALLS	10.664.043	10.617.641

12. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

Laun	14.634.642	13.675.551
Viðhald skrifstofutækja	1.887.902	2.084.491
Lífeyris-, sjúkra- og orlofsjóður	1.762.003	1.636.882
Prentun og ritföng	1.686.854	1.246.847
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda	1.400.243	1.579.731
Tryggingagjald	1.230.847	1.137.653
Sími á skrifstofu	1.107.838	1.003.016
Annar kostnaður	650.361	597.903
Bókhald/Endurskoðun	536.672	548.030
Frímerki og giróseðlar	35.600	77.644
STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS	24.932.962	23.587.748

13. REKSTUR VERSLUNAR

Vörukaup verslun	7.188.839	6.115.421
Laun og launatengt verslun	4.784.633	4.404.055
REKSTUR VERSLUNAR ALLS	11.973.472	10.519.476

14. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU

Laun	12.000.000	9.000.000
Viðhald véla	2.946.087	1.306.804
Eldsneyti	2.000.000	1.900.000
Áburður og fræ	1.621.511	1.479.853
Lífeyris-, sjúkra- og orlofsjóður	1.200.000	1.080.000
Tryggingagjald	1.015.000	871.920
REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS	20.782.598	15.638.577

15. ANNAR KOSTNAÐUR

Auglýsingar	1.228.059	1.086.887
Flatargjöld á vinavöllum	1.321.700	1.592.100
Gámaleiga	951.444	722.520
Afnotagjald sjónvarps	337.549	331.054
GEO vottun	300.000	0
Tækifærisgjafir og gestamóttaka	193.324	213.173
Golfskóli/kennsla	0	424.530
Eftirlitsgjald og starfsleyfi	20.800	32.307
Pokamerki	0	519.749
ANNAR KOSTNAÐUR ALLS	4.352.876	4.922.320

FJÁRHAGSÁÆTLUN GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2015

Rekstrartekjur	2015	2014
Félagsgjöld.....	95.800.000	90.487.816
Flatargjöld.....	14.600.000	14.561.880
Mótatekjur.....	13.400.000	12.940.937
Styrkir og framlög.....	20.400.000	19.897.464
Tekjur æfingasvæðis.....	16.900.000	15.320.349
Tekjur verslunar.....	8.000.000	8.290.504
Seld þjónusta.....	19.800.000	24.894.401
Unglingavinna.....	2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur.....	9.800.000	9.217.447
Rekstrartekjur samtals.	201.100.000	198.010.798
Rekstrargjöld		
Félagaskattur GSÍ.....	5.600.000	5.413.700
Mótagjöld.....	4.800.000	4.514.778
Styrkir og þjálfunarkostnaður.....	17.900.000	18.261.171
Rekstur æfingasvæðis.....	15.000.000	14.048.256
Viðhald og rekstur valla.....	39.200.000	40.410.029
Viðhald og rekstur véla.....	17.500.000	17.815.245
Rekstur fasteigna.....	10.230.000	10.664.043
Stjórnunarkostnaður.....	26.350.000	24.932.962
Rekstur verslunar.....	11.500.000	11.973.472
Rekstur útseldrar þjónustu.....	16.600.000	20.782.598
Unglingavinna.....	2.400.000	2.400.000
Annar kostnaður.....	4.835.000	4.352.876
Rekstrargjöld samtals	171.915.000	175.569.130
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði.	29.185.000	22.441.668
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur.....	1.500.000	
Vaxtagjöld.....	2.300.000	
Uppruni fjármagns:		
Framlag rekstrar.....	28.385.000	
	28.385.000	
Ráðstöfun fjármagns:		
Lækkun langtímaskulda.....	2.500.000	
Vélakaup.....	4.000.000	
Nýframkvæmdir við völl.....	0	
Viðhald á fasteignum	1.000.000	
Lækkun skammtímaskulda.....	10.500.000	
Lækkun yfirdráttarreiknings.....	10.385.000	
	28.385.000	

Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

Rio Tinto Alcan á Íslandi

Síminn

Bensínorkan

Sjóvá

Bílaleiga Akureyrar

Opin Kerfi

Valitor

Ásbjörn Ólafsson

Fjarðarkaup

Skeljungur

Subway

Íslandsbanki

Hafnarfjarðarbær

Epli.is

Hampiðjan

Mannvit

Naust Marine

Securitas

ISS á Íslandi

Servida

UTV

Góa

Landsbankinn

KFC

Jónar Transport

Vífilfell

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Hótel Hveragerði

NTC

Point

Icelandair Golfers

MP Banki

Remax

Tölvustoð

Fura

Trefjar

Húsasmiðjan

RJC

Tor

Modern

B og L

Primera Air

Gagnavarslan

Fastus

Svipmyndir frá liðnu sumri



Klúbbmeistarar Keilis 2014



Íþróttastjórinn hress að vanda



Fylgst með úr fjarlægð



Hressar stúlkur í votviðri



Glæsileg tilpríf



Einn í búi - annar í frí



Mr. Stones Burgers

